

Bls. 3 Klúbburinn verður
lokaður frá mánudeginum 22.
desember 2025 til mánudagsins 5.
janúar 2026.



Bls. 7 „Ég hef eytt jólum í ólíkum
löndum og hvert land hefur sína
sérstöku töfra.“ Polina segir frá
jólum þar sem hún hefur dvalið.



Litli Hver

12. tbl. 2025

*Gleðileg
jól og
farsælt
nýtt ár*



Desemberpistill/gæla

Föðurland: Kannski stórt og mikið orð en jafn óþægilegt og stingandi nærflikin fyrr á tíð kennd við föðurland og að sjálfsögðu afurð þeirrar skepnu sem stundum er haldið fram að hafi haldið lífi í þjóðinni í rúmlega ellefuhundruð ár og um leið nærri hrundið henni fram af brún eyðingar og örfoks með því að lofa skepnu þessari að kjamsa á viðkvæmum gróðri í skjóli illvigrar náttúru.

Föðurland: Er þetta ekki mjög svo lýsingin á þeim heimkynnum sem íslensk þjóð hefur dvalið vakin og sofin og verið ímynd þrautsegu, vinnusemi og kannski afneitunar á því að hugtakið gæði finnst ekki í orðaforða þjóðar fyrr en seint og síðar meir. Kannski, jú ef dálitla mjéllus var að finna í fúkkahorni að drýgja slátur í súr. Ekki gott að segja en vekur upp spurningar og jafnvel forvitni um skilning nútíma Íslendinga á hugtakinu og hvaða þýðingu það hefur í huga hans.

Föðurland: Til eru þeir sem telja að föðurland í merkingunni land feðranna ekki vera sanngjarnt það beri í sér aldalanga kúgun feðraveldis á þegnum sínum. Þar liggi einmitt ástæðan fyrir hörmungartengingunni sem hér er að framan getið og þess vegna hafi ekki orðið nein hugmyndaleg framþróun á Íslandi sem stýrt hefði landnýtingu og vaðmáli til betri þæginda fyrr en Handþrjónasambandið var stofnað árið 1977.

Föðurland: Bók- og skáldelskir tóku að fódra þetta hugtak á 19. öldinni og nokkuð bústað út af rembingi, ást á glæstri fortíð, upphafinni sýn á kvenímyndir, náttúru sem ólgar eins og gredda sem ekki var hægt að orða öðru vísi en undir rós. Jú og rós fegurst blóma sem kunni ekki beint vel við sig í íslenskrí náttúru, en þótti nokkuð skreyti í örvæntingum ástríðnanna og fjötruðum girndum. Jafnvel fífill í brekku þótti merkileg þjóðrækni og hátignaður en minna gert úr langri hefð þeirra sem nýtti sér grösina að milda sársauka og kvalir.

Með föðurlandskveðju Benedikt Gestsson

Forsíðumyndi

Myndin á forsíðu Litla Hvers að þessu sinni fangar jólastemningu á Austurvelli nú á adventunni. Oslóartréð og upplýst Hótel Borg. Benni tók myndina.



Vissir þú ...

... að kjördæmi dæma sig sjálf
... að sjálfðæmi er verkefni fyrir stærðfræðinga
... að Denni dæmalausni kunni ekkert í stærðfræði
... að ódæmigerð kona er mjög útreiknanleg
... að dæmigerð kona er mjög óútreiknaleg

Athugið að fróðleikur þessi er birtur án ábyrgðar

Ljóð

Það þarf ekki að fara til Köben til þess að fara yfir Strikið.

Arnar Laufeyjarsson

Litli Hver Útgefandi: Klúbburinn Geysir.

Framkvæmdastjóri: Þórunn Ósk Sölvadóttir. Þeir sem unnu þetta blað: Fannar, Gísli, Benni, Sigurður, Steindór J. Erlingsson Heimilisfang: Skípholt 29. Sími: 551-5166, tölvupóstur kgeysir@kgeysir.is

Heimasíða: www.klubburinngeysir.is Facebook: Klúbburinn Geysir,

Instagram: klubburinn_geysir
[klubburinn_geysir](https://www.instagram.com/klubburinn_geysir)
#geysirclubhouse

 KLÚBBURINN
GEYSIR | 20 ÁRA

Dagskrá Geysis um jól og áramót



Klúbburinn verður lokaður
frá mánudeginum 22.
desember 2025 til
mánudagsins 5. janúar
2026.

Við biðjumst velvirðingar
á þessu en því miður vegna
starfsmannaeklu verður að
hafa lokað um jól og
áramót.

Njótið jólanna og
áramótanna eftir bestu
getu.

Stjórn Klúbbsins Geysis

Spurning mánaðarins



Geðveikur túr með Jóni í Hamri

Þetta er sagan
þegar ég fór í einn
af fyrstu túrunum
á Viðeynni. Skipið
var 260 tonn, en
þá voru stúrir í
lestinni en ekki
kassar eins og nú
tíðkast.

Skipstjórinn sem
var ungur og
óreyndur var
kallaður Jón í



**Sagnamaðurinn
Gísli Rich**

Hamri. Þetta var eftir að kvótinn var
kominn á en önnur útfærsla sem
byggði á sóknardögum. Við fylltum
miðlestina af karfa og fórum svo
vestur til að veiða þorsk og grálúðu.
Það var mofkfiskerí en ekki eins
mikið pláss í lestinn í samræmi við
aflann. Þannig að Jón í Hamri lét
grálúðuna renna endalaust niður í
lest, jafnvel haft á orði að grálúðan
rynni upp í móti því hún var svo
sleip. Var svo mikil lúða að fylltist
yfir allt bæði þorsk og karfa. Meira
að segja mannopið var fyllt í topp.
Þegar við komum í land varð allt
vitlaust vegna þess að grálúðan var
um allt í lestinni og erfitt fyrir
löndunagengið að sinna sínu starfi,
en allt gekk þetta þó að lokum.

Matseðill fyrir desember 2025
Matseðill er birtur með fyrirvara um breytingar

Hægt er að panta samlokur í hádeginu fyrir klukkan 10.00

Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
					
Eldhúsið verður lokað um óákveðinn tíma vegna starfsmannaeklu. Hægt verður að kaupa samlokur í hádeginu og morgunmatur verður framreiddur eins og áður. Biðjum félaga að virða þetta.					

Hefur þú tillögur að skemmtilegri matseld og hugmyndir um aukna fjölbreytni á matseðli Klúbbsins Geysis? Mættu þá á eldhúsfund kl. 10.30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil. Hægt er að panta samlokur ef einhverjum hugnast ekki það sem er á matseðli



Ef vélar voru skapaðar af manningum og eru því eðlislægt ófullkomnar, munu vélar sem búa til vélar nokkurn tíma ná fullkomnun?

Nei, vélar sem búa til vélar munu aldrei ná sannri, algjörrri fullkomnun.

Fullkomnun er hugsjón, ekki raunverulegt ástand. Fullkomnun (engin galli, óendanleg nákvæmni, gallalaus virkni við allar aðstæður) er stærðfræðilegt eða heimspekilegt hugtak. Raunveruleikanum er stjórnað af varmafræði, óvissu í skammtafræði, efnislegum takmörkunum og óreiðu. Jafnvel þó við hunsum mannlegan uppruna, getur ekkert efnislegt kerfi nokkurn tíma náð þessari plátónsku hugsjón.

Villa berst áfram og erfist.

Hver kynslóð véla er smíðuð með tækjum, ferlum og mælingum sem þegar innihalda örsmáa ófullkomleika. Þegar vélatól sker málum með ± 1 mikró nákvæmni, getur næsta vél sem smíðuð er með því tóli ekki töfrum líkast hoppað í $\pm 0,001$ mikró; hún mun í besta falli ná sömu nákvæmni eða (algengara) versna örlítið í þolum.

Hugbúnaður hefur villur, skynjarar hafa suð, efni hafa innfellingar, atómsamsetningar hafa galla. Þetta eru ekki „laganlegt í grundvallaratriðum“; þetta er innbyggt í eðlisfræðina.

Ef vél reyndi að búa til „fullkomna“ útgáfu af sjálfri sér, þyrfti hún fullkomna skilgreiningu á „fullkomnun“. En í raunveruleikanum getur vélin ekki fullkomlega sannreynt eigin fullkomnun án utanaðkomandi, áreiðanlegrar viðmiðunar - og það viðmið þyrfti sjálft að vera fullkomið, sem leiðir til endalausrar afturvísunar.

Jafnvel þótt þú byggir til “fullkomna” vél á einu þröngu sviði, þá þegar þú biður hana um að gera eitthvað nýtt (ný efni, ný hitastig, nýjir hraðar), verður gamla skilgreiningin á fullkomnun óviðkomandi. Fullkomnun er samhengi og sífellt í þróun; vélin yrði að halda áfram að þróast að eilífu bara til að vera „fullkomin“.

Spurning mánaðarins

Hvað á að gefa þeim sem á allt?



Siggi Guðmunds



Benni



Gunni Gests

Skiptigjöf



Svaligaur

Mynd: jolasveinarnir.is



Helgi Dagur



Gísli Rich

Dregið var í nóvembergetraun skjáfrétta 1. desember síðastliðinn. Fjölmargar launsir bárust og hinn heppni vinningsfélagi var Fannar Þ. Bergsson. Við óskum honum til hamingju með árangurinn.

Félagsliðanemar vinna lokaverkefni um Geysi



Ylja Björk Linnét og Marína Durovic eru félagsliðanemar í Borgarholtsskóla. Þær eru að útskrifast í desember og ákváðu að helga lokaverkefni sínu starfsemi Geysis. Með það í huga tóku þær viðtal við starfsmann og félaga. Á myndinni eru frá vinstri: Benni, Ylja, Gísli og Marína. Nám fyrir félagsliða veitir undirstöðuþekkingu til að efla lífsgæði einstaklinga sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Starfsvettvangur félagsliða spannar vítt svið félagslegrar endurhæfingar og virkniúrræða fyrir þá sem vegna félagslegra aðstæðna, veikinda, öldrunar, þroskaraskana eða hvers kona áfalla, þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Þær sögðu félagsliðanám bæði spennandi og gefandi og hlökkðu mikið til útskriftarinnar.

Bataskólinn kynnti námsframboð á vetrarönn 2026 í Geysi

Jafningjafræðarar frá Bataskólanum komu og kynntu Bataskólann og starfsemi hans á nýju ári. Þetta voru Kristján Friðjónsson, og Sigrún Sigurðardóttir sem fluttu góðan fróðleik um batamiðað nám og bætt lífsgæði. Skólinn er nú fluttur í Norrænu Akadémíuna í Söltúni 26, þar sem í boði er góð aðstaða fyrir nemendur og

Jésúvísur 2025

Við tætingslegt litid jólatré sem tróðst upp úr frjórri jörð
Friðarjésú féll á kné
og flutti bænargjörð.

Til barnafjöld er harma bera
eða bugast við sorg og sút.
Sigurvon þau sæl uppskera
og slaknar á sálarhnút.

Benni



Hafnfirðingar eru þekktir fyrir að vera mikið jóla- og skreytifólk. Myndirnar hér að ofan tók Fannar af jólastemningunni í Firðinum að miðla til lesenda Litla Hvers. Gleðileg jól

starfsfólk. Dæmi um námskeið sem í boði eru: Allir geta lært, virkni í samfélaginu, bati í umhverfinu og þekktu þunglyndið taktu í tauminn. Kent er kl. 13.00 - 15.20. Tekið er á móti umsóknunum á heimasíðu skólans: www.bataskoli.is og tölvupósti á bataskoli@bataskoli.is. Rétt að hafa í huga að námið er nemendum að kostnaðarlausu. Skólinn verður settur 6. janúar 2026.



**Sigrún sem
heldur á tíkinni
Karma t.v. og
Kristján t.h.**

Jólin mín um heiminn



Ég hef eytt jólum í ólíkum löndum og hvert land hefur sína sérstöku töfra. Í Lettlandi eru jólin mjög notaleg. Við förum í vetrargöngur. Uppáhaldið mitt er jólamarkaðurinn þar sem réttu stemninguna er að finna og um leið hægt að smakka hefðbundinn lettneskan mat. Mér líkar friðsældin sem fylgir snjónum og hlýleg ljósin í gluggunum. Í Rússlandi höldum við aðallega upp á nýárið. Við skreytum jólatréð, borðum saman og gefum gjafir. Á Spáni sá ég fylkingu Konungana þriggja. Fólk söng, dansaði og kastaði sælgæti yfir lýðinn. Mér þótti roscon de reyeskakan dásamleg en inn í henni leynist alltaf eitthvað óvænt. Annað hvort lítil stytta af jesúbarninu eða lítil baun. Á Íslandi finn ég fyrir ósviknum vetrartöfrum – snjór, ljós og sérstaka mjólk í búðunum sem er kölluð ný mjólk. Ég hlakka mjög mikið til fyrstu jólanna á Íslandi! Allir staðir eru ólíkir, en tilfinningin er sú sama – ást og gleði.



Polina í kirkjunni í Ríga



Jólamarkaður í gamla bænum í Ríga

Polina Serdechnaia

Hreinsunareldur

Steindór J. Erlingsson kynnti og las úr nýutkominni ljóðabók sinni Hreinsunareldur í Klúbbnum Geysi fimmtudaginn 27. nóvember síðastliðinn. Þetta er fyrsta ljóðabók höfundar og hefur vakið verðskuldaða athygli nú í byrjun jólabókaflóðsins. Ljóðin í bókinni eru mjög persónuleg og byggja á reynslu höfundar um ferð hans um undirheima sálarinnar og aðferð hans til þess að höndla þá pínu og kvöl um leið og hann nálgast lausnir sem sköpunin færir honum. Myndlýsingar í bókinni er eftir Kristján Kristjánsson myndlistarmann. Óskum Steindóri til hamingju með bókina



Litli-Hver

Gísli fékk jólagjöf



Gísli Richardsson félagi í Geysi fékk veglega jólagjöf frá jólasveininum núna á aðventunni Þar sem jólasveinarnir hyggjast hækka verð á bensín- og díselbílum eftir áramótin setti Gísli í jólgírinn. Aðspurður segir hann að nú þurfi hann ekki að þiggja bíl næstu fimm árin. Við óskum honum góðrar ferðar og góðrar heimkomu á nýja bílnum.



Gísli við bílinn góða fyrir utan

Helgi Dagur Helgason í Íslenskri knattspyrnu 2025

Helgi Dagur Halldórsson félagi í Geysi hefur undanfarin ár átt ljósmyndir í því ágæta riti Íslensk knattspyrna sem komið hefur út í yfir 40 ár. Það er engin undantekning á flugi Helga Dags, því vegur hans í henni hefur aukist með hverju ári. Hann hefur verið iðinn við að ljósmynda fótboltaleiki í öllum deildum flokkum og landleikjum



Clubhouse International
Creating Community: Changing the World of Mental Health

Geðheilsa er líka heilsa

Ísland lögfestir samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Ísland hefur lögfest samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Frumvarp Ingu Sæland, félags- og húsnæðismálaráðherra, um lögfestinguna var samþykkt á Alþingi í nóvember. Samningnum er ætlað að tryggja að fatlað fólk njóti mannréttinda sinna og koma í veg fyrir mismunun á grundvelli fötlunar. Lögfestingin hefur í för með sér að hægt verður að beita samningnum sem fullgildri réttarheimild fyrir dómstólum og öðrum úrskurðaraðilum. Til að koma réttindum samningsins betur í framkvæmd og undirbúa lögfestinguna hefur verið unnið eftir landsáætlun um málefni fatlaðs fólks sem er fyrsta heildstæða stefna Íslands í málefnum fatlaðs fólks. Til hamingju.



Inga Sæland
félags- og
húsnæðismála-
ráðherra
Mydin er
fengin af
[https://
www.althingi.is/
altext/cv/is/?
nfaerslunr=1332](https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=1332)

Afmælisveisla félaga sem eiga afmæli í desember og janúar verður haldin **Þriðjudaginn 27. janúar 2026 kl. 14.00**